

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Alþingi

Erindi nr. P 135/152

komudagur 12.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 9. nóvember 2007

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Pskj. 131 – 130. mál

Undirritaður fyrir hönd Landgræðslu ríkisins gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta:

I. Almennar athugasemdir

Þó að ljóst sé að athugasemdum með fram lögðu frumvarpi til laga verði ekki breytt vill undirritaður, fyrir hönd Landgræðslu ríkisins, benda á nokkur atriði er þar koma fram sem telja má að geti valdið misskilningi.

Í athugasemdum við 5. þátt frumvarpsins eru nokkur afar óvenjuleg atriði varðandi flutning á stofnunum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins yfir í annað ráðuneyti, sérstaklega hvað varðar „eftirlegu“ fjárveitinga í sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti.

a) Í athugasemdunum með hinu fram lagða lagafrumvarpi segir á bls. 18: „*Samkomulag er á milli viðkomandi ráðuneyta um að fjármunir til verkefnisins Bændur græða landið, ... verði á forræði og fjárlagalið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.*“ Eftir því sem undirritaður kemst næst hafa engin rök verið færð fyrir þessari ráðstöfun. Bent er á að þetta verkefni hefur margþætt markmið og er algerlega samofið öðrum þáttum landgræðslustarfsins, þ.m.t. gróðurverndar. Afar vandséð er hvaða tilgangi slík „eftirlega“ þjónar og hún virðist lítt eða ekki vera í anda aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar um „Einfaldara Ísland“ sem hún samþykkti í október 2006.

b) Í athugasemdum í fram lögðu frumvarpi segir einnig á bls. 18: „*Enn fremur verða fjármunir til framkvæmda á grundvelli laga nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, innan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Ráðuneytið mun gera samning við Landgræðslu ríkisins til þriggja ára um óbreytt hlutverk Landgræðslunnar varðandi yfirstjórn og framkvæmd varna gegn landbroti. Á þeim tíma stefnt að því að endurskoða lögum um varnir gegn landbroti undir forystu forsætisráðuneytis.*“ Að óbreyttum lögum er ekki auðséð um hvað eigi að semja, þar sem lögum eru mjög skýr, en benda má sérstaklega á 3. gr. laganna er ber yfirskriftina „Yfirstjórn“: „Landgræðsla ríkisins fer fyrir hönd landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála

sem lög þessi fjalla um.“ Þá er í greinum 4 – 8 (II. kafli) fjallað um framkvæmd varna gegn landbroti.

Eins og hér að ofan kemur fram er kveðið er á um að lög um varnir gegn landbroti lands nr. 91/2002 verði endurskoðuð á vegum forsætisráðuneytisins. Undirritaður hefur engar upplýsingar um hvaða efnisatriði þurfi að taka til endurskoðunar og engin rök eru færð fyrir áformaðri endurskoðun á þessum nýendurskoðuðu lögum.

Þær einar breytingar sem augljóslega væri rétt að gera, en fela hvorki í sér endurskoðun laganna eða efnisbreytingu væri sú að í 3., 2. mgr. 8., 10. og 11. gr. ætti í stað orðsins landbúnaðarráðherra að koma sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Í athugasemdum á bls. 21 um 27. gr. lagafrumvarpsins gætir nokkurs misskilnings á því hvernig staðið er að framkvæmd núverandi laga varðandi gerð landbóta- og landnýtingaráætlana vegna gæðastýringar í framleiðslu sauðfjárafurða. Nefndur misskilningur kemur fram í eftirfarandi setningu: „*Til samræmis við útvistunarstefnu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að ráðherra hafi einnig heimild til að fela einkaaðilum verkefni við gæðastýringu en möguleikar kunna að skapast til þess, t.d. við úttekt á landi og gerð landbóta eða landnýtingaráætlana.*“ Hvað varðar úthýsingu á úttektarþættinum þá er hann nú þegar mögulegur sé vilji fyrir hendi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur hins vegar ekki úthýst verkefnum við gerð landbóta- og landnýtingaráætlana eins og þarna segir, þar sem það er verkefni og hlutverk viðkomandi bænda, landeigenda, fjallskilastjórna o.fl., sjá t.d. 1. og 2. mgr. 43. gr. laga nr. 99/1993, sbr. og 14. gr. reglugerðar nr. 175/2003. Reyndar fellur lagaákvæði þetta, svo og reglugerðin í heild sinni úr gildi um næstkomandi áramót, sbr. 10. gr. laga nr. 58/2007 og 23. gr. reglugerðar 175/2003. Undirritaður veit þó ekki til þess að þessum þætti verði breytt með nýrri reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu en að því gefnu á athugasemdin, um að útvista gerð landbóta- og landnýtingaráætlana, eins og áður sagði tæplega rétt á sér.

Í síðustu málsgrein almennra athugasemda við lagafrumvarpið kemur fram að við undirbúning frumvarpsins, „... *hefur verið haft viðtækt samráð við þær stofnanir sem í hlut eiga.*“ Undirritaður hefði kosið að landbúnaðarráðuneytið hefði haft mun meira samráð um málefni Landgræðslu ríkisins.


II. Athugasemdir við einstakar greinar

Um 23. gr.

Í 23. gr. frumvarpsins er lögð til eftirfarandi breyting á lögum um landgræðslu nr. 17/1965, með síðari breytingum: „*Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.*“ Það vekur athygli að ekki sé gert ráð fyrir að önnur ákvæði laganna breytist í samræmi við þetta, enda þótt gert sé ráð fyrir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn landgræðslumála verði frumvarpið að lögum. Þau ákvæði landgræðslulaga sem undirritaður telur að breyta þurfi, a.m.k. að hluta til eru: 2. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 23. gr., þ.e. orðinu landbúnaðarráðherra þarf að breyta í umhverfisráðherra.

Undirritaður og viðkomandi starfsmenn Landgræðslu ríkisins óska eftir að koma á fund allsherjarnefndar Alþingis og gera nánari grein fyrir athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.

Ljósrit send:
Landbúnaðarráðuneyti,
umhverfisráðuneyti.